

Svar við fyrirspurn um stöðu húsnæðismála

Á fundi bæjarráðs þann 17. nóvember 2016 lagði áheyrnarfulltrúi Vinstri grænna fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Þrátt fyrir þá vinnu sem lögð hefur verið í að stytta vaxandi biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði er enn a.m.k. 161 umsækjandi talinn í brýnni þörf fyrir slíkt úrræði. Hve margir til viðbótar hafa verið teknir út af listanum vegna þess að þeir endurnýjuðu ekki umsóknir sínar í tæka tíð og hve margir í þeim hópi má gera ráð fyrir að muni endurnýja umsóknir sínar? Hve margir til viðbótar féllu út vegna þess að þeir voru ekki lengur álitnir í "brýnni þörf" og hvaða atriði réðu þar mestu um? Svar við síðari spurningunni óskast sundurliðað svo bæjarfulltrúum gefist betri kostur á að leggja upplýstara mat á núgildandi stigakerfi og endurskoða það í ljósi reynslunnar. Einnig óskast upplýsingar um hvernig tekjuviðmið og íbúðaeign hafa þróast síðustu 5 ár?...“

Hve margir til viðbótar hafa verið teknir út af listanum vegna þess að þeir endurnýjuðu ekki umsóknir sínar í tæka tíð og hve margir í þeim hópi má gera ráð fyrir að muni endurnýja umsóknir sínar?

Færri eru skráðir á biðlista nú í lok árs 2016 þar sem unnið hefur verið að endurnýjun umsókna á haustmánuðum. Þeir sem voru á biðlista fengu send bréf um mitt sumar þar sem ítrekuð var nauðsyn þess að endurnýja umsókn um félagslegt húsnæði. Er þetta í samræmi við reglur sveitarfélagsins. 104 sem voru á biðlistanum endurnýjuðu ekki umsóknir sínar. Erfitt er að áætla hversu margir muni endurnýja umsóknir á næstu vikum og mánuðum.

Hve margir til viðbótar féllu út vegna þess að þeir voru ekki lengur álitnir í "brýnni þörf" og hvaða atriði réðu þar mestu um?

53 umsækjendur um félagslegt húsnæði falla af biðlistanum þar sem þeir eru ekki taldir í brýnni þörf og ná ekki sex stigum á matkvarðanum. Þeir sem ekki ná tilskyldum stigafjölda eru ekki taldir í brýnni þörf og/eða með tekjur yfir viðmiðunarmörkum. Í brýnni þörf eru þeir taldir sem eru með tekjur undir viðmiðunarmörkum og eru í óöruggri leigu. Óörugg leiga er talin vera stuttur leigusamningur eða dýr leiga. Þeir sem eru að missa leiguíbúð innan tveggja mánaða eru taldir í brýnni þörf og eru þetta sömu reglur og í gildi eru í öðrum sveitarfélögum. Einstaklingar sem eru á biðlista nú eru með 6-10 stig samkvæmt matslista. Meðfylgjandi eru upplýsingar um tekjuviðmið og matsreglur.

Einnig óskast upplýsingar um hvernig tekjuviðmið og íbúðaeign hafa þróast síðustu 5 ár.

Velferðarráðuneytið setur viðmið árlega í reglugerð um tekju- og eignamörk einstaklinga í félagslegum eignum. Viðmiðið er nú 4.749.000.- kr. fyrir einstakling. Sjá fylgiskjal. 241 íbúð er til umráða í félagslega íbúðakerfinu, þar af eru 11 í framleigu. 2007 voru keyptar 3 íbúðir, 2008 voru 10 íbúðir keyptar en ein seld, 2012 var ein íbúð seld og 2013 ein keypt. 2016 voru þrjár íbúðir keyptar.

Hafnarfjörður 30. nóvember 2016.

Rannveig Einarsdóttir,



sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu.